

Lagastofnun Háskóla Íslands
Lögbergi við Suðurgötu
101 Reykjavík,
lagastofnun@hi.is

Siglufirði 8. júní 2020.

Efni: Tilnefning oddamanns í viðræðuhóp.

Einkahlutafélagið Selvík ehf. (áður Rauðka ehf.), sem rekur m.a. hótél og veitingastaði á Siglufirði, og sveitarfélagið Fjallabyggð hins vegar gerðu með sér samkomulag í fimm liðum hinn 28. apríl 2012 um uppbyggingarverkefni í sveitarfélaginu.

Í B-kafla samkomulagsins, sem er meðfylgjandi bréfi þessu, kemur fram að verði „ágreiningur um einstök framkvæmdatriði eða túlkun samnings“ skuli „aðilar freista þess að leysa hann með viðræðum fjögurra aðila, þ.e. tveimur frá hvorum samningsaðila.“ Segir svo að takist þetta ekki skuli „kalla til oddamann, sem skal vera tilnefndur af Lagastofnun Háskóla Íslands.“ Segir jafnframt að viðræðuhópurinn svo skipaður skuli „freista þess að finna lausn á þeim álitaefnum sem fyrir liggja.“

Selvík ehf og tengd félög hafa lýst þeirri afstöðu sinni að Fjallabyggð hafi vanefnt samkomulagið, þar sem verulegur dráttur hafi orðið á þeim framkvæmdum sem samkomulagið nær til. Einkum er hér um að ræða framkvæmdir vegna töluliðar 1 (Miðbær Siglufjarðar) og töluliðar 2 (Uppfylling við innri höfn, þ.e. tanginn).

Aðilar tilnefndu tvo aðila hvor í viðræðuhóp um lausn ágreiningsins: Birgi Tjörva Pétursson lögmann og Guðmund Kristján Jónsson skipulagsfræðing. F.h. Fjallabyggðar sitja í viðræðuhópnum Elías Pétursson bæjarstjóri og Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður. Það er afstaða Selvíkur ehf. að starf viðræðuhópsins hafi ekki gengið sem skyldi og félagið sé því knúð til að leita til oddamanns skv. tilnefningu Lagastofnunar Háskóla Íslands, svo unnt sé að ljúka störfum hópsins með samkomulagi sem getur talist ásættanlegt fyrir aðila.

Er þess því hér með farið á leit við stofnunina að hún tilefni oddamann í viðræðuhópinn í framangreindu skyni. Nánari upplýsingar og gögn verða afhentar oddamanni, eða að beiðni Lagastofnunar, eftir því sem þörf krefur og eftir verður leitað.

Virðingarfyllt,
f.h. Selvíkur ehf.



Róbert Guðfinnsson.